

þingfestingu málsins séu ekki þess efnis, að merkjadómur sé bær að dæma um þær. Merkjadómur á að dæma í þrætu um merki lands, en áður nefndur umboðsmaður heldur því fram, að kröfur aðilja í máli þessu gefi ekki tilefni til að álíta, að í máli þessu sé um slíka þrætu að ræða.

Umboðsmaður ábúanda og eiganda Ytri-Hrafnabjarga hefur mótmælt frávisunarkröfunni og telur, að hér sé um landamerkjamál að ræða, þar sem deila sé um merki milli Ytri- og Fremri-Hrafnabjarga.

Það virðist ljóst, að deiluefnið í máli þessu sé, hvort engjamerkjagirðing ofan frá Veitusíki í stefnu á Skógarmannsgil að Hörðudalsá, sem getur í kröfu ábúanda og eiganda Ytri-Hrafnabjarga, sbr. rskj. 2 og 3, skuli talin gild landamerki á milli jarðanna Ytri- og Fremri-Hrafnabjarga eða norðan hennar sé landspilda, er sé sameiginlegt beutiland jarðanna. Ef efnisniðurstaða málsins yrði sú samkvæmt kröfu ábúanda og eiganda Fremri-Hrafnabjarga, að áðurnefnd girðing skuli eigi ráða merkjum milli jarðanna, heldur skuli hluti lands þess, sem er norðan (utan) girðingarinnar, svo nefndur Hrossabakki, teljast sameignarbeutiland jarðanna, þá verður, eftir því sem fram hefur komið í málinu, samanber vitnaframburði og skýrslur aðilja, enn uppi mikill ágreiningur um merki þessarar landspildu.

Samkvæmt ofanrituðu virðist ljóst, að um sé að ræða landamerkjaþrætu, sem koma skuli til kasta merkjadóms, og því ber að hrinda kröfu umboðsmanns ábúanda og eiganda Fremri-Hrafnabjarga.

Því úrskurðast:

Frávisunarkrafa umboðsmanns ábúanda og eiganda Fremri-Hrafnabjarga verður ekki tekin til greina.

Miðvikudaginn 26. marz 1952.

Nr. 91/1951. **Helgi Guðmundsson** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn

Ragnari Jakobssyni og gagnsök
(Magnús Thorlacius).

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. júlí 1951, krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi, sem skotið hefur málinu af sinni hálfu til Hæstaréttar með stefnu 28. ágúst 1951, krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Varnir þær um aðild máls, sem aðaláfrýjandi hefur uppi, eru þess eðlis, að þeim verður komið að, þótt um víxilmál sé að tefla, sbr. 208. gr. laga nr. 85/1936.

Eigin víxill sá, sem mál þetta er af risið, er gefinn út af aðaláfrýjanda til handa útibúi Landsbanka Íslands á Ísafirði. Ekkert framsal er ritað á víxilinn, og þar sem gagnáfrýjandi hefur heldur ekki á annan hátt sannað rétt sinn til hans, ber að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Helgi Guðmundsson, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Ragnars Jakobssonar, í máli þessu.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda kr. 1500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Ísafjarðar 29. maí 1951.

Ár 1951, þriðjudaginn 29. maí, var á bæjarþingi Ísafjarðar, sem haldið var í bæjarfógetaskrifstofunni á Ísafirði af hinum reglulega dómara, Jóh. Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 15. maí s.l.

Mál þetta, sem þingfest var 30. apríl s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu af Jóni Grímssyni málflutningsmanni, Ísafirði, f. h. Ragnars Jakobssonar kaupmanns, Flateyri, með stefnu, útgefinni 26. apríl 1951, gegn Helga Guðmundssyni bakarameistara, Ísafirði.

Stefnandi gerir þær réttarkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 35.000.00 samkvæmt eigin víxli, útgefnum af stefnda 2. sept. 1950, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. marz 1951 til greiðsludags, $\frac{1}{2}\%$ þóknun af víxilupphæðinni og málskostnað að skaðlausu, samkvæmt reikningi eða til vara eftir mati réttarins.

Stefndi gerir þær réttarkröfur að verða sýknaður af öllum kröfum

stefnanda og dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Málavextir eru þessir: Stefnukrafan í máli þessu, kr. 35.000.00, er samkvæmt eigin vixli, útgefnum af stefnda 2. sept. 1950, er féll í gjalddaga 1. marz s.l. Er þessi víxill annar framlengingarvíxill af hinum upphaflega víxli, að upphæð kr. 50.000.00, útgefnum af stefnda 1. apríl 1949, framlengdum í marz 1950 til 1. sept. 1950 með 10.000.00 króna afborgun, en síðan aftur framlengdur 2. sept. 1950, sem fyrr segir, og þá með kr. 5.000.00 í afborgun.

Víxill þessi er greiðsla á eftirstöðvum á kaupverði steinbítsroða, er stefndi keypti haustið 1948 af h/f Ísfelli, Flateyri, en Ragnar Jakobsson, stefnandi í máli þessu, er og hefur verið framkvæmdarstjóri þess félags og stofnað til þeirra viðskipta við stefnda, er að framan greinir og liggja á bak við víxilkröfu þessa. Stefndi byggir sýknukröfu sína á því í fyrsta lagi, að stefnandi sé ekki eigandi víxils þess, sem hér sé stefnt út af, heldur eigi h/f Ísfell, Flateyri, hann. Stefndi hefur lagt fram í dóminum bréf frá stefnanda vegna h/f Ísfells til stefnda, dags. 25. febr. 1951, en í því minnir hann stefnda á greiðslu víxils þess, er stefnt er út af í máli þessu. Og stefnda hafi ekki verið tilkynnt um eigendaskipti á víxlinum frá þeim tíma, og eigi verði það heldur séð á víxlinum sjálfum, að hann hafi verið framseldur stefnanda til eignar. Og þar sem stefnandi sé eigi réttur aðili í máli þessu, beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Umboðsmaður stefnanda hefur hins vegar haldið því fram, að það skipti engu máli í þessu sambandi, hvort stefnandi eða h/f Ísfell sé eigandi víxilsins, þar sem handhafi hans hafi verið stefnandi.

Í öðru lagi byggir stefndi sýknukröfu sína á þeim viðskiptum milli stefnda og stefnanda vegna h/f Ísfells, sem liggja á bak við víxilin, og vitnar stefndi í því sambandi í 17. gr. víxillaga nr. 93 frá 1933. Og stefnanda hafi hlotið að vera það ljóst, að það gæti bakað stefnda veruleg óþægindi og jafnvel fjárhagslegt tjón að gefa út fyrrgreindan víxil í sambandi við undangengin verzlunarviðskipti milli þeirra.

Umboðsmaður stefnda hefur nokkuð rakið viðskipti hans við h/f Ísfell í sambandi við kaupin á steinbítsroðum þeim, er fyrr um getur. Hann hefur bent á, að það hafi ávallt verið forsenda fyrir kaupunum af hálfu stefnda, að steinbítsroðin væru gallalaus og góð verzlunarvara, og í trausti þess, að svo reyndist, hafi hann greitt stefnanda kr. 50.000.00 upp í kaupverðið í september 1949. Þegar stefndi gaf út víxilin, hafi þetta verið ítrekað við stefnanda, og það hafi einnig verið skilyrði fyrir afhendingu víxilsins til stefnanda, að hann afhenti stefnda þá þegar matsvottorð yfir roðin. En þetta vottorð hafi eigi komið fyrr en löngu seinna og þá verið algerlega ófullnægjandi. Og stefndi hafi eigi, þrátt fyrir margitrekaðar tilraunir, getað fengið upplýst, hvort roðin væru í söluhæfu ástandi, en þau voru geymd í húsum h/f Ísfells á Flateyri. Þann 15. des. 1950 hafi svo loks farið fram skoðunar- og matsgerð á steinbítsroð-

um þessum, en þá hafi komið í ljós, að þau voru stórgölluð og að verulegu leyti alveg ónýtt verzlunarvara.

Af framangreindum ástæðum hefur stefndi neitað því, að hann væri greiðsluskyldur stefnanda á framangreindri víxilskuld, og hefur áskilið sér rétt til þess að rifta kaupin á roðunum og krefjast skaðabóta úr hendi stefnanda persónulega eða vegna h/f Ísfells.

Umboðsmaður stefnanda hefur haldið því fram, að þar sem stefndi hafi fengið umstefndan víxil framlengdan með afborgunum, þá felist í því full viðurkenning á víxilskuldinni.

Einnig hefur hann mótmælt því, að viðskipti h/f Ísfells og stefnda komi þessu víxilmáli við, og gert þá kröfu, að dómur falli í málinu sem venjulegu víxilmáli.

Það er upplýst í máli þessu, að stefndi gaf út víxil þann, sem hér um ræðir, og afhenti hann stefnanda vegna h/f Ísfells sem greiðslu á eftirstöðvum skuldar stefnda við það félag. Stefndi hefur eigi mótmælt þeirri staðhæfingu umboðsmanns stefnanda, að hann (stefnandi) hafi verið handhafi víxilsins, er hann féll í gjalddaga og krafizt var greiðslu hans.

Að áliti dómsins er handhöfn víxilsins ein nægilegur grundvöllur víxilkröfunnar, og verður því sú varnarástæða stefnda, að um aðildarskort sé að ræða af hálfu sóknaraðilja, ekki tekin til greina.

Þá hefur stefnda eigi tekizt að sanna, gegn mótmælum stefnanda, að hann hafi af ásettu ráði viljað baka víxilskuldara, sem er stefndi í máli þessu, tjón. Verða því þær varnarástæður stefnda, sem lúta að viðskiptum hans við stefnanda og liggja á bak við víxilkröfu þessa, eigi heldur teknar til greina.

Samkvæmt þessu verða kröfur stefnanda teknar til greina að öllu leyti og ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda víxilupphæðina, kr. 35.000.00, ásamt 6% ársvöxtum af þeirri upphæð frá 1. marz 1951 til greiðsludags og ½% þóknun af víxilupphæðinni.

Þá ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Helgi Guðmundsson bakameistari, Ísafirði, greiði stefnanda, Jóni Grímssyni f. h. Ragnars Jakobssonar kaupmanns, Flat-eyri, kr. 35.000.00 ásamt 6% ársvöxtum af þeirri upphæð frá 1. marz 1951 til greiðsludags, ½% þóknun af víxilupphæðinni og málskostnað, kr. 1000.00, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.